

Umsögn undirbúningshóps um áburðarframleiðslu vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun áburðarverksmiðju, 96. mál.

Ábending 1.

Það er fagnaðarefni að ályktun er borin fram um hagkvæmnisathugun á því að setja á laggirnar áburðarverksmiðju. Lögð er áhersla á hraða við vinnuna því mikið sé í húfi fyrir þjóðarbúið. Því teljum við að sú athugun sem þegar hefur verið sett í gang af okkar undirbúningshópi og unnið er enn að verði hluti af því ferli. Tvær staðsetningar eru nefndar en þó ætti að stuðningur við slíka athugun að fela í sér opinn huga gagnvart fleiri stöðum á landinu.

Ábending 2.

Áhyggjur af offramboði á áburði eru óþarfar enda réttilega bent á hversu fjölgun mannkynsins er hröð og má einnig geta þess hve ört neyslumunstur hefur breyst til aukningar framleiðslu landbúnaðarvara.

Ábending 3.

Í okkar forsendum fyrir áburðarframleiðslu á Íslandi er áhersla á græna, mengunarlausu framleiðslu, orkugjafinn endurnýjanlegur. Verksmiðjan yrði án kolefnisútblásturs. Hönnun sú er undirbúningshópur okkar er að þróa byggir á nýjustu tækni við rafgreiningu á vatni. Útflutningur á áburði skapar gjaldeyri til landsins. Með jákvæðri niðurstöðu nákvæmrar hagkvæmnisathugunar yrði til ný stöð í iðnaðarframleiðslu á Íslandi sem með beinum hætti gagnaðist landbúnaðinum og hagkerfinu. Áhöld eru um hvort nægileg raforka sé fáanleg á Íslandi og það á samkeppnihæfu verði. Líklega var ónógur skilningur álitsgjafa orkusala á Íslandi á síðustu fimm árum á því hversu orkuverð hefur víða farið lakkandi. Má nefna að World Energy Outlook 2009 gat vart áhrifa af nýju orkuvinnslunni í Ameríku sem breytti miklu um að iðnaður og störf tóku að eflast, orkuverð að lækka. Sérstaða Íslands í endurnýjanlegri orku er töluverð en ekki slík að erlendir fjárfestar streymi til landsins þegar geta til afhendingar á orku og það á samkeppnisfæru verði er dregin í efa eða sett spurningarmerki við. Það er gott ef sýnilegur vilji er til staðar af hálfu stjórnvalda og það í formi stuðnings við þéttingu fýsileikakönnunar á áburðarframleiðslu á Íslandi.

Ábending 4.

Áburðarframleiðslan færi fram í verksmiðjuþyrpingu er myndaðist við byggingar á rafgreinistöð, loftvinnslustöð, ammoníaksverksmiðju, saltþéturssýruverksmiðju, ammoníumnítrat verksmiðju, fosfórsýruverksmiðju, fosfatverksmiðju, blöndunarþúnaður fyrir fullbúinn áburð NPK. Þyrfti á byggingartímabilinu fleiri en nefndir eru í greinargerðinni, líklega tvöfalt fleiri. Áhrifin á hagkvæmni annara framleiðslu í tengslum við áburðarframleiðslu yrðu nokkur og æskilegt að það væri útfært nánar í slíkri athugun með liðstyrk Alþingis.

Ábending 5:

Hið opinbera getur með þessari ályktun stuðlað að hagkvæmnisathugun með styrkveitingu. Trúverðugleiki ríkisins við að það sjálft leggi í hendur fjárfestum fullbúna hagkvæmnisathugun er ekki mikill hjá “markaðnum, eða fjárfestum” því í aðra röndina er verið að semja við það sjálft um mikilvæg atriði eins og ívilnunarþætti, skattareglur, orkukaup (já, við vitum að Landsvirkjun er sjálfstætt hlutafélag en það lýtur fyrirmælum um markmið o.s.frv.) og þar með talið virkjanir. Einungis gæða fýsileikakönnun, þar sem varið er tíma og fjármagni í útreikninga og stofnun viðskiptatengsla, hefur að geyma það sem til þarf fyrir fjárfesta.